



**87. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
fimmtudaginn 5. september 2013, kl. 16:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Blönduskóla – skólahúsnæði og skólalóð
 2. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags
 3. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Erindi frá Blönduskóla – skólahúsnæði og skólalóð

Þórhalla Guðbjartsdóttir mætti á fundinn og gerði grein fyrir tveimur erindum sem varða annars vegar skólahúsnæðið og skólalóð hins vegar.

Lagt er til að gerð verði áætlun um nýtingu á auðu rými í skólanum, lögð fram kostnaðaráætlun og framkvæmdaáætlun gerð.

Bæjarráð samþykkir að Blönduskóli og tæknideild fari í hönnunar- og greiningarvinnu vegna húsnæðis í Blönduskóla.

Í vetur komu upp hugmyndir varðandi skólalóðina í starfi með nemendum. Ein af þeim hugmyndum er að koma upp hjólabretta-, -hlaupahjóla- og línuskautaaðstöðu á skólalóðinni, svokölluðum hjólabrettagarði.

Lagt er til að farið verði í framkvæmdir á lóðinni til auka fjölbreytni á leiksvæði skólalóðar s.s. að setja upp körfuboltauppistöður, málaður verði miniboltavöllur, leggja slitlag á svæðið fyrir sunnan sparkvöllinn og að fulltrúar nemenda og foreldra fái samþykki fyrir því að það svæði verði eyrnamerkt hjólabrettagarði, að gerð verður kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu á leiksvæði við Gamla skólann og í framhaldi verði gerð framkvæmdaáætlun sem lögð verði til grundvallar við fjárhagsáætlunargerð næstu ára.

Bæjarráð samþykkir að ráðstafa 1,5 m.kr. sem eyrnamerkt var skólalóð í fjárhagsáætlun 2013 til að leggja slitlag við suðurenda fótoltavallarins.



2. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Fært í trúnaðarbók

3. Önnur mál

Bæjarstjóri lagði fram nýjustu íbúatölur en samkvæmt þeim er fjöldi íbúa 1. september 2013 894 en á sama tíma árinu á undan 869. Fjölgun íbúa er 25 eða 2,8% fjölgun.

Umræður urðu um viðhald á Skrapatungurétt. Bæjarráð samþykkir, í samvinnu við Skagabyggð, að ljúka nauðsynlegum steypuviðgerðum á Skrapatungurétt sem eftir urðu þegar viðgerð var framkvæmd á árinu 2010. Framkvæmdin er nauðsynleg til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Bæjarráð samþykkir að gerð verði úttekt og kostnaðaráætlun í samstarfi við Skagabyggð um aðrar nauðsynlegar viðgerðir á réttinni og að gert verði ráð fyrir því við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

Bæjarstjóri lagði fram skýrslu Hafisseturs fyrir árið 2013.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:30

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)